

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 1. mars 2024

Mál nr. S-1531/2022:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

Mikkael Ingibergi Gunnlaugssyni

(Porgils Porgilsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 15. 1. 2024, er höfðað með tveimur ákærum á hendur Mikkael Ingibergi Gunnlaugssyni, kt. 000000-0000, [...]. Fyrri er gefin út af héraðssaksóknara, 1. september 2022 og er „fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 14. ágúst 2020, haft í vörslum sínum og flutt hingað til lands 32.297,53 g af dímetýltryptamín (DMT) í 30 pakkningum (með 1,8% - 2,1% styrkleika, sem samsvarar allt að 15.379 neysluskömmtum), 51,98 g dímetýltryptamín (DMT) í formi grænna laufa (með 0,9% styrkleika), og 392,17 g af mítragýnín (Kratom), sem ákærði ætlaði til dreifingar hér á landi í ágóðaskyni, en fíkniefnin flutti ákærði til landsins í tveimur ferðatöskum frá Spáni, með millilendingu í London, flugi [...], til Íslands.

Telst brot þetta varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er krafist upptöku á 32.349,51 g af dímetýltryptamín (DMT) og 392,17 g af mítragýnín (Kratom), með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.“

Síðari ákæra er gefin út af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 4. júlí 2023 og er „1. Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, laugardaginn 30. júlí 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökuréttindum og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 115 ng/ml, [...] og tramadol 195 ng/ml) um Hringbraut í Reykjanessbæ, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: [...]

2. Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, mánudaginn 8. ágúst 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökuréttindum og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóðsýni mældist amfetamín 95 ng/ml, metamfetamín 310 ng/ml, [...], tramadól 525 ng/ml, alprazolam 25 ng/ml [...]) um Kringlumýrarbraut við N1 í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við [...] 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58, sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: [...]

3. Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 12. ágúst 2022 ekið bifreiðinni [...] sviptur ökuréttindum og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist amfetamín 95 ng/ml, kókaín 39 ng/ml og tramadól 195 ng/ml) um Reykjanesbraut við mislæg gatnamót við Grindavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58, sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: [...]

4. Fyrir umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, laugardaginn 27. ágúst 2022, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökuréttindum og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og slævandi lyfja (í blóðsýni mældist amfetamín 85 ng/ml, metamfetamín 700 ng/ml, tramadól 85 ng/ml, [...]) um Reykjanesbraut við Innri Njarðvík í Reykjanesbæ, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn, og á sama tíma haft í vörslum sínum 0,61 g af maríhúana og 17 stykki af lyfseðilskylda fíknilyfinu rivotril, án þess að ákærði hefði lyfseðil fyrir fíknilyfjunum, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða.

Telst háttsemi þessi varða við [...] 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 2. gr. og 3. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr., 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.

M: [...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar, skv. 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Jafnframt er krafist upptöku á framangreindum 0,61 g af maríhúana og 17 stykkjum af rivotril sem hald var lagt á í lið 4, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.“

Málin voru sameinuð. Með bréfi dags. 4. október 2023 fól ríkissaksóknari héraðssaksóknara meðferð málsins. Er ákærði kom fyrst fyrir dóm við meðferð málsins neitaði hann sök að öllu leyti hvað varðar fyrri ákæru. Við síðari fyrirtöku neitaði ákærði sök að öllu leyti hvað varðar síðari ákæru. Í síðari ákæru var ákærða í upphafi, auk þess sem rakið hefur verið, gefið að sök að hafa, í atvikum ákæruliða I og II, verið undir áhrifum [...], í atvikum ákæruliðar II [...] og í atvikum ákæruliðar IV [...] og [...]. Við upphaf aðalmeðferðar málsins lýsti sækjandi því yfir að fallið væri frá þessum atriðum ákæruliðanna og að í ljósi þeirrar breytingar væri háttsemi ákærða skv. II. og IV. ákærulið ekki lengur talin varða við 1. sbr. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákærði neitar sök samkvæmt fyrri ákæru og krefst sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfi. Ákærði játar sök samkvæmt síðari ákæru að teknu tilliti til breytinga sem sækjandi gerði á ákærinni.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu stöðvuðu tollverðir þrjá aðila sem grunaðir voru um stórfellt fíkniefnasmygl 14. ágúst 2020 en um væri að ræða föður með son sinn á [...] ári og kærustu hans á sama aldri. Voru á ferð Mikkael Ingiberg Gunnlaugsson, ákærði í máli þessu, sonur hans A og unnusta hans B, sem voru að koma með flugi frá Luton. Samkvæmt skýrslu gaf fíkniefnapróf á tösku eins þeirra svörun á LSD. Við tollskoðun hafi komið í ljós pakkningar með meintum fíkniefnum í ferðatösku sem vegið hafi um 30 kg. Þá hafi einnig verið lagt hald á ýmsan annan varning og lyf. Haft er eftir ákærða að þarna sé á ferðinni te, trúarlegs eðlis, sem hann drekki. Ákærði hafi sagt A og B ekki tengjast þessu á nokkurn hátt og að ekki væri um að ræða fíkniefni heldur börk af trjám.

Lagt var hald á 30 poka merкта Mimososa Hostilis af rauð-brúnleitu efni sem vógu samtals 32.297,53 grömm, brún-grænt efni í poka merktum Red Horn Kratom/Muestra gratis 82,06 grömm, grænan mulning í þremur pokum merktum Kratom 310,11 grömm ásamt fleiri óþekktum efnum.

Í matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 24. 8. 2023, kemur fram að rannsókuð hafi verið þrjú sýni, styrkur dímetýltryptamíns í einu þeirra hefði verið 1,8%, í öðru 2,0% og þriðja 3,0%. Í matsgerðinni segir að dímetýltryptamín, DMT, teljist „til ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. sbr. lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni m. síðari breytingum og [sé] x merkt í fylgiskjali I með reglugerð um [...] breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.“

Í málinu liggur matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði dags. 6. 5. 2021 og eru þar raktar niðurstöður rannsóknar sjö efnissýna. Um fyrsta sýnið, sem hafi verið græn- og brúnleit þurr laufblöð, segir að ekki hafi komið í ljós þekkt ávana- og fíkniefni en gasgreining og massagreining hafi bent til þess að sýnið innihéldi harmine. Hins vegar hafi viðmiðunarefni ekki verið til staðar svo greina mætti það með fullri vissu. Um annað sýni, brúnleit þurr laufblöð, segir að það hafi innihaldið DMT og styrkur þess í sýninu 0,9%. Þriðja sýni, brúnleitt duft, hafi innihaldið míttragýnín. Styrkur þess í sýninu hafi verið 0,2%. Fimmta sýni, grænt mulið plöntuefni, hafi innihaldið míttragýnín, styrkur þess 1,0%. Loks segir að lokasýni, gráleitt duft, hafi innihaldið nikótín. Ekki hafi verið þekkt ávana- eða fíkniefni í öðrum sýnum. Í matsgerðinni segir meðal annars: „Míttragýnín (mitragynine) er virkt innihaldsefni í plöntunni *Mitragyna speciosa*. Plantan vex í Suðaustur Asíu og er einnig þekkt undir nafninu *Kratom*. Míttragýnín telst til ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði, sbr. lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni m. síðari breytingum og er x merkt í fylgiskjali I með reglugerð um [...] breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.“

Í málinu liggur matsgerð rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði dags. 29. 3. 2022 og kemur þar fram að lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi óskað eftir mati á því hversu mikils magns efnis, sem mælt hafi verið í fyrsta sýni matsgerðar dags. 24. 8. 2020, þyrfti að neyta til að finna til vímuáhrifa og „hversu marga neysluskammta er unnt að framleiða úr 32.297,53 g af framangreindu efni.“ Í niðurstöðum segir að DMT sé „hægt að neyta á mismunandi hátt. Það er t.d. innbyrt um munn, reykt eða sprautað í æð. Algengast er að þess sé neytt í svokölluðum athöfnum og er þá bruggað í nokkurs konar te sem kallast ayahuasca. Þá er plöntuefni, gjarnan [blanda] fleiri en einnar tegundar, soðið niður í langan tíma og svo drukkið. Aðalinnihaldsefnin má segja að séu tvö, DMT og svo mónóamín oxídasa ensímhindri, svo sem harmín, sem

veldur því að DMT verður virkt í lengri tíma, í stað þess að vera brotið niður. [...] Skammtastærðir fara eftir neysluleið. Hér er miðað við að efnisins sé neytt í ayahuasca. Í ein- og tvíblindum rannsóknum með lyfleysu hefur verið sýnt fram á vímuvaldandi verkun efnisins í styrkjum frá 0,5 til 1,0 mg/kg [...]. Í framhaldsrannsókn voru skammtar upp á 0,6 mg/kg skilgreindir sem lágir og 0,85 mg/kg skilgreindir sem háir [...]. Sé miðað við 70 kg manneskju er, miðað við framangreint, lágur skammtur 42 mg og hár skammtur 59,5 mg. Í fyrri matsgerð rannsóknarstofunnar, dagsett 24.08.2020, kemur fram að efnissýni merkt [...] nr. 1, 15 og 30 hafi innihaldið á bilinu 1,8-2,1% DMT. Miðgildið var 2,0%, sem samsvarar 20 mg DMT í hverju grammi efnis. Miðað við framangreindar forsendur myndu því 2,1 g af efni samsvara lágum skammti og 3,0 g samsvara háum skammti. 32.297,53 g af efni myndi þ.a.l. fræðilega duga að hámarki í 15.379 lága skammta eða 10.765 háa skammta. Þetta miðast við að allt virka efnið náist úr efninu við gerð drykkjarins og að hann innihaldi mónóamín oxídasa ensímhindra.“ Undir allar matsgerðirnar skrifar C verkefnastjóri en auk hans skrifar nafngreindur verkefnastjóri undir fyrstu matsgerðina en annar nafngreindur verkefnastjóri undir aðra matsgerðina.

D geðlæknir var dómkvaddur til að framkvæma mat vegna Kratom sem lögregla hefði lagt hald á. Matsmaðurinn svaraði fimm spurningum sem óskað var svara við:

1. Með hvaða hætti er Kratom almennt neytt?
2. Hvaða áhrif hefur neysla Kratom á þann sem neytir þess sbr. svar við spurningu 1?
3. Hvernig eru hættueiginleikar Kratom fyrir þann sem neytir þess?
4. Hver er hefðbundinn neysluskammtur af Kratom þegar þess er neytt sbr. svar við spurningu 1?
5. Er unnt að neyta efnisins (Kratom) skv. efnaskýrslu lögreglu: efni nr. 3 (merkt Red Horn Kratom/Muestra Gratir) og efni nr. 5 (merkt Kratom) og ef svo er hvaða áhrif kunna þessi efni að hafa á þann sem neytir þeirra og hverjir eru hættueiginleikar þessara efna?

Í matsgerðinni kemur fram að plantan *Mitragyna speciosa* vaxi víða í Suðaustur Asíu og sé skyld kaffiplöntunni. Kratom sé heiti sem sé notað bæði fyrir plöntuna sjálfa og þurrkuð blöð hennar og sé löng saga um notkun Kratoms á þessu svæði. Kratom hafi verið notað sem lækningajurt við ýmsum kvillum eins og verkjum, niðurgangi og óþíata fráhvörfum en einnig til að auka orku og vellíðan. Á Vesturlöndum hafi notkun Kratom

vaxið, bæði til lækninga og til að framkalla vímu. Í Kratom sé að finna fjölda alkalóíða og hafi tveir þeirra áhrif á taugavirkni. Bæði efnin, mitragynine og 7-hydroximitragyne hafi efni á seratonin, adrenalín og dópamín kerfi. Kratom sé ekki skráð sem lyf og hafi enga viðurkennda ábendingu til meðferðar sjúkdóma. Endurtekið komi fram í vísindagreinum um efnið að að rannsaka þurfi verkun þess og hugsanlegar hættur mun betur.

Í matsgerð segir að Kratom sé neytt um munn, laufin tuggin eða lagað úr þeim te. Hefðbundinn skammtur sé á bilinu 2-6 grömm. Í litlum skömmtum valdi Kratom örvun en í hærri skömmtum verkjastillingu og hafi róandi áhrif, „ópiatalík áhrif“. Sem svar við spurningu um hættueiginleika Kratoms segir matsmaður að rannsóknir vanti til að geta svarað spurningunni með fullri vissu. Hins vegar geti Kratom valdið fráhrarfseinkennum og fíknihæðun þó hún sé vægari en við notkun ópiata. Unnt sé að neyta efnanna í sýni 3 og 5, þá fengjust taughrif, sem fari eftir skammtastærð ýmist örvandi eða róandi áhrif. Hættueiginleikar notkunar Kratoms séu litlir í samanburði við önnur fíkniefni.

D var dómkvaddur til að framkvæma mat vegna dímethyltryptamins (DMT) með 1,8-2,1% styrkleika og dímethyltryptamins í formi grænna laufa með 0,9% styrkleika sem lögregla lagði hald á. Matsmaðurinn svaraði fimm spurningum sem óskað var svara við:

1. Með hvaða hætti er DMT almennt neytt?
2. Hvaða áhrif hefur neysla DMT á þann sem neytir þess sbr. svar við spurningu 1?
3. Hvernig eru hættueiginleikar DMT fyrir þann sem neytir þess?
4. Hver er hefðbundinn neysluskammtur af DMT þegar þess er neytt sbr. svar við spurningu 1?
5. Er unnt að neyta efnisins (DMT) skv. efnaskýrslu lögreglu: efni nr. 1 (merkt *Mimosa Hostilis*) og efni nr. 2 (merkt *Chaliponga Diplopterys Cabrerana*) og ef svo er hvaða áhrif kunna þessi efni að hafa á þann sem neytir þeirra og hverjir eru hættueiginleikar þessara efna?

Í matsgerðinni segir að DMT sé aminósýra sem finnist víða í lífríkinu, svo sem í ýmsum plöntum og dýrum og þar á meðal manningum. Efnið mælist í litlu mæli í vökvum eins og mænuvökva, þvagi og blóði en hlutverk DMT í líkamanum sé óþekkt. Í frumskógum Suður- og Mið Ameríku sé löng hefð fyrir að brugga seyði úr plöntum sem síðan sé notað til lækninga eða trúarathafna en samheiti yfir þá drykki sé Ayahuasca. Oft sé plöntublanda í seyðinu sem innihaldi DMT og einnig „sk harmala alkalóíða“ sem séu

nauðsynlegir til að DMT geti frásogast óbreytt úr meltingarvegi og haft áhrif í líkamanum. Mismunandi plöntur séu notaðar til að gefa DMT en meðal annars rótarbörkur plöntunnar *Mimosa Tenuiflora* (*Mimosa Hostilis*). DMT hafi ofskynjunaráhrif hjá mönnum og sé líkt að byggingu og bæði psilocybin (sveppir) og LSD. Efnið hafi verið framleitt á tilraunastofu en aðallega sé hreint DMT einangrað úr plöntum og sé þá á formi dufts eða kristalla. Hreint DMT sé víða löglegt í Suður Ameríku en ólöglegt víðast annars staðar.

Í matsgerðinni segir að DMT sé fyrst og fremst neytt um munn í gegnum Ayahuasca seyði eða reykt en hægt sé að reykja/veipa hreint DMT, en ekki rótarbörkur *Mimosa Tenuiflora*. Þegar DMT sé neytt um munn, svo sem í ayahuasca seyði, komi einkenni fram eftir um 30 mínútur og vari í 4 til 6 klukkustundir. Áhrif DMT séu gegnum margs konar viðtæki í heila en líklegast aðallega í gegnum „s.k. serotónín kerfi“. Upplifun sé ýmist jákvæð eða neikvæð en DMT sé ofskynjunarefni eins og psilocybin (sveppir) og LSD. Við notkun DMT fáist fyrst fram væg örvandi einkenni en síðan komi kröftug áhrif á skynjun sem geti náð til allra skynfæra í formi mis- og ofskynjana. Loks séu oft sterk áhrif á tilfinningalíf sem geti verið jákvæð eða neikvæð. Hættueiginleikar DMT séu ekki nægilega þekktir og frekari rannsóknir vanti til að segja til um þá. Byggt á þeim gögnum sem liggja fyrir virðist DMT ekki valda miklum heilsufarslegum skaða miðað við önnur fíkniefni en þó beri að vara við notkun þess hjá þeim sem hafi tilhneigingu til geðrofs. LSD og psilocybin hafi verið mun meira rannsökuð en DMT og bendi núverandi upplýsingar til þess að efnin séu nálægt hvert öðru í virkni og skaðsemi. Matsmaður svarar spurningu um skammtastærðir þannig að óvíst sé um skammtastærðir en raunhæfasta áætlun um skammtastærðir *Mimosa Hostilis* til að fá einn skammt af ayahuasca sé 2-5 grömm en raunhæfasta áætlun um skammtastærð DMT til reykinga sé 0,04 grömm (40 mg). Sem svar við síðustu spurningunni segir matsmaður að unnt sé að neyta efnisins DMT sem lögregla hafi haldlagt og yrðu áhrifin fyrst væg örvandi einkenni en síðan kröftug áhrif á skynjun. Matsmaður telji hættueiginleika ekki mikla miðað við önnur fíkniefni.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist hafa notað umræddan börk til trúariðkunar í um átján ár. Ákærði hefði áður verið stöðvaður í tollskoðun við komu til landsins með slíkan börk, en svo

verið hleypt í gegn. Einnig hefði hann flutt inn börkinn með pósti, með E1 tollskýrslu, þar sem ekkert „fer milli mála hvað þetta er“.

Ákærði sagðist fyrst og fremst nota börkinn til altarisgerðar, til blessunar og til böðunar við iðkun á trú sinni, Santo Daime, og væri hann heilagt sakramenti.

Ákærði sagði að í vikunni fyrir atvik málsins hefði hann verið hætt kominn er sér hefði verið byrjað fentanyl og hefði hann eftir það ákveðið að halda upp á lífið með að fara með syni sínum og unnustu hans til Spánar. Það hefði verið tilgangur ferðarinnar, ákvörðun ákærða um að kaupa umrædd efni hefði verið tekin á Spáni. Efnin, Mimosa hostilis börkinn, Sant Palo reykelsi, Rape, Krakom og önnur efni sem haldlögð hefðu verið, hefði hann pantað af heimasíðu, eins og hann hefði áður gert og fengið þau send á hótelið. Þetta væri sölusíða með náttúruylf. Fyrir efnin hefði ákærði greitt 3.686 evrur. Ákærði sagði að hann hefði ákveðið að nýta ferðina til að kaupa efnin þar sem óvissa hefði verið um frekari ferðalög vegna Covid-19. Hann hefði, við viðskiptin á síðunni, lesið sér til um efnin „jafnóðum og bara pantaði það sem mér fannst vera sniðugt.“ Ákærði var spurður hvort þar þyrftu viðskiptavinir að staðfesta að þær væru orðnir átján ára gamlir og kvaðst hann telja það líklegt.

Ákærði var spurður hvort hann hefði, fyrir innflutning efnanna, kannað hvort efnið Mimosa hostilis innihéldi DMT, og svaraði því til að það væri ekki tekið fram á heimasíðunni. Ákærði sagði að hann hafi vitað það fyrir mörgum árum að DMT „væri bara í nánast öllu sem að kvíkt er og þar með talið grasið sem vex hérna úti og í appelsínuberki og sítrónuberki“ í mælanlegu magni. Hann hefði verið meðvitaður um að DMT væri í efninu eins og öllu öðru en að hann hafi ekki hugsað sérstaklega um það og ásetningur hans hafi ekki staðið til að flytja inn efnið DMT. Ákærði kvaðst ekki hafa kannað sérstaklega hvort DMT væri í efninu af sömu ástæðu og hann hafi ekki kannað það „af hverju börkurinn er brúnn á litinn“.

Ákærði sagðist hafa notað börkinn á tímabili að útbúa te og sagði að ekki hefði neitt betra komið fyrir sig og hefði það gert sig að þeim manni sem hann væri. Teið hefði opnað fyrir að hann tengdist sál sinni og hefði orðið heill og finni nú samkennd með öllum. Teið „sýndi mér hvað við erum og hvernig allt er eitt“. Hann sagðist ekki nota börkinn með þessum hætti í dag. Ákærði kvaðst ekki hafa kannað efnisinnihald tesins en sagði að teið ætti að geta „tekið mann á eitthvað flug“ en það þyrfti þá að blanda alkaloidum við sem gerði það þá varasamt að sínu mati. Það væri ekki ráðlegt fyrir sig að gera það vegna lyfja sem hann tæki að staðaldri í lækningalegum tilgangi. Ákærði sagði að

einn og sér hefði börkurinn engin áhrif þar sem „líkaminn brýtur þetta niður náttúrulega og það er ekki séns að þú finnr neitt af því“. Ákærði kvaðst hafa vitað af því að með því að nota trjábörkinn með MAIO blokkurum gæti það kallað fram ofskynjanir ásamt frekari aukaverkunum svo sem mjög miklum uppköstum, sem væru hluti af hreinsuninni.

Ákærði sagðist hafa keypt Kratom því hann hefði langað „að prófa þetta“, því væri ætlað að „láta mann fara í góða afslöppun eða hugleiðsluástand“. Þetta hefðu verið tíu eða tuttugu skammtar. Ákærði kvaðst stunda hugleiðslu og Wim Hoff öndunaræfingar og hefði ætlað Kratom til þess en ekki til trúariðkunar. Ákærði kvaðst ekki hafa kannað hvort efnið Kratom væri ólöglegt á Íslandi, en það hefði hljómað „voðalega saklaust“ á heimasíðunni. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neina ástæðu til að kanna hvort efnið væri ólöglegt þar sem það væri náttúruylf sem hefði kostað smáræði með hinu sem hann hefði keypt.

Ákærði sagði efnin hafa verið of þung fyrir ferðatösku sína, hann hefði því þurft að finna kassa á flugvellingum. Efnin hefðu því ekki verið í tveimur ferðatöskum heldur í ferðatösku og kassa. Ákærði hefði ekki talið sig þurfa að framvísa efnunum til tollafgreiðslu við komu sína til landsins, þar sem efnin hefðu verið ætluð til trúariðkunar.

Ákærði kvaðst aðspurður hvorki kunna að framleiða DMT né eiga til þess efni. Lögregla hefði ekki leitað eftir efnunum eða búnaði til framleiðslu á heimili sínu eftir handtöku. Ákærði kvaðst ekki hafa haft í hyggju að selja börkinn eða dreifa. Ákærði hefði ætlað að stofna trúfélag og nýta efnin í að búa til verndarhring, baða sig upp úr þeim og til altarisgerðar. Ákærði kvaðst ekki hafa valið þennan börk sérstaklega heldur væri hann hluti af Santo Daime trúnni, en börkurinn væri af „tré lífsins“ og þegar bleytt væri í berkinum liti hann út eins og blóð Krists. Ákærði taldi að umrædd efni hefðu nægt til persónulegra nota sinna í um fimm ár en umtalsvert skemur ef hann stofnaði trúfélag. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa ætlað að flytja inn fíkniefni af neinu tagi. Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa notað ólögleg fíkniefni á þeim tíma sem málið hefði komið upp en sér hefði verið byrjað og hann verið hætt kominn 12. ágúst sama ár og hefðu þá þrjú efni verið mæld í sér.

Lögregluþjónn 1 sagðist hafa tekið við málinu á síðari stigum, tekið eina skýrslu og gengið svo frá málinu. Vitnið kvaðst ekki muna hvort greiðsla fyrir umrædd efni sem sjá má á skjámynd úr spjaldtölvu ákærða hefði verið skoðuð nánar. Þá kvaðst vitnið telja

að ekki hefði verið kannað sérstaklega hvort ákærði ætti eða væri með undir höndum efni til að framleiða DMT.

Vitnið A, sonur ákærða, sagðist hafa verið staddur í London ásamt unnustu sinni þegar ákærði hafði haft samband og boðið þeim til Barcelona. Þau hefðu síðan fengið „þennan pakka“ sem ákærði hefði verið „búinn að kaupa“ og hefðu þau svo verið stöðvuð við komuna til Íslands. Vitnið kvaðst hafa aðstoðað ákærða við að bera pakkann inn á hótelið og séð að pakkinn innihéldi brúnt duft, sem ákærði hefði sagt vera te. Vitnið hefði ekki spurt hann frekar, það „nennti ekki að þæla í þessu“. [...]

B staðfesti matsgerðir sínar. Vitnið sagði að um væri að ræða ákveðin form amínósýra sem yfirleitt væru skammstafaðar DMT og væri víða að finna í lífríkinu, meðal annars í talsverðu magni í ákveðnum jurtum. Í Suður-Ameríku væri löng saga um að nota ákveðnar jurtir vegna þessa en notkun efnisins ylli „mjög öflugum ofskynjunum“. Þetta væru „oft mjög dramatískar upplifanir“ og væri tengt gömlum „seiðlækningum í Suður-Ameríku“. Virka efnið í jurtinni væri DMT og væri þetta „soðið yfirleitt í seyði og drukkið og það þarf að hafa aðra tegund af jurtum með til þess að þetta frásogist eðlilega.“ Vitnið sagði efnið ekki mjög hættulegt, eftir því sem það kæmist næst. Hins vegar væri „varað við notkun á þessu efni með öðrum efnum og ef fólk er með veikleika að fá geðrof“, en hjá heilbrigðum væri mjög lítil hættu á að efnið ylli geðrofi. Að því er varðaði líkamlegan skaða þyrfti „að taka mjög mikið af þessu efni til þess að deyja af því“. Efnið flokkaðist „nærri hinum ofskynjunarefnum eins og cyclocybin sem er í sveppum oft og LSD og þetta er eitt af svona hættuminnstu fíkniefnunum sem eru skráð“.

Vitnið kvaðst hafa skoðað hver væri hefðbundinn skammtur DMT til notkunar en sagði erfitt að áætla það, þar sem óvíst væri hversu mikið næðist af efninu þegar seyði væri lagað. Einnig væri „hægt að vinna hreint DMT úr þessari jurt sem liggur fyrir.“ Vitnið hefði skoðað vefsíður þar sem neytendur ræddu skammtastærðir og þar hefði komið fram að hefðbundinn skammtur væri um þrjú til fimm grömm af berki. Það magn sem um ræðir í máli þessu gæfi þá um 6.500-16.000 skammta. Vitnið kvað algengast að neyta efnisins í seyði og öðru efni bætt út í. Hreint DMT væri hins vegar reykt en þá entist áhrif þess skemur. Væri viðbótarefni ekki bætt út í seyðið eða hreins DMT neytt yrðu áhrifin hins vegar mun minni en ella. Vitnið sagði að tiltölulega einfalt væri að framleiða hreint DMT úr berkinum og væri jafnvel hægt að gera það í heimahúsi og þyrfti

ekki sérþekkingu til þess. Vitnið kvaðst ekki vita um annan tilgang með notkun DMT en ofskynjunartilgang. Aðspurt sagði vitnið að 1,8% - 2,1% styrkleiki DMT í efni væri „frekar í lægri kantinum“.

Vitnið sagði að efnið Kratom væri leyft í Bandaríkjunum og að verið væri að skoða hvort hægt væri að þróa lyf út frá efninu þar sem það virkaði á ópiátakerfi heilans. Það væri hins vegar „ekki skráð lyf neins staðar.“ Kratom hefði ópiátaverkun upp að vissu marki en svo mynduðust „þakáhrif“ svo ekki væri sama áhætta á ofskammti líkt og með ópiáta. Kratom ræsti dópamínkerfið í heila og hefði því „ákveðna fiknieiginleika“, neytendur gætu þróað með sér þol og fengið fráhrarfseinkenni. Væri þó „frekar vægt fikniheilkenni sem verður af þessu“, mun vægara en af sterkustu ópiötum, og erfitt væri að „drepa sig“ á efninu. Efnið væri „frekar hættulítið efni miðað við önnur fikniefni“. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa heyrt um efnið Kratom áður en það hefði unnið matsgerðina og hefði ekki heyrt af neinum nota efnið hér á landi.

Vitnið C, verkefnastjóri Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði, staðfesti matsgerðir sínar sem liggja frammi í málinu sem sannar og réttar. Spurt um matsgerð dags. 24. 8. 2020 sagði vitnið að efnissýni, úr brúnleitu dufti, sem rannsökuð hefðu verið, hefðu öll innihaldið DMT. Duftið sjálft hefði ekki verið skoðað sérstaklega heldur aðeins „gerð leit að ávana- og fikniefnum í þessu sýni“. Vitnið sagðist ekki vita hvort duftið væri úr trjáberki, en trjábörkur gæti innihaldið DMT. Spurt um matsgerð dags. 6. 5. 2021 sagði vitnið að sjö sýni hefðu verið rannsökuð og leitað ávana- og fikniefna. Eitt sýnið hefði innihaldið DMT, tvö sýni hefðu innihaldið mítragýnín en annars hefðu ekki verið ólögleg ávana- og fikniefni í sýnunum. Vitnið sagði að mítragýníníð væri einnig nefnt kratom. Vitnið sagði að greining hefði bent til að eitt sýnið hefði innihaldið efnið harmine. Slíkt efni mætti nota „í ayahuasca svokallað, svona jurtaseyði, þar sem það veldur því að DMT verður virkt lengur í mannlíkamanum, það er ekki brotið niður ef þetta efni er til staðar.“

Niðurstaða

Við komu ákærða hingað til lands voru haldlögð efni er hann hafði í fórum sínum. Niðurstöður rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði hafa verið raktar. C staðfesti þær fyrir dómi og svaraði spurningum um þær. Niðurstöðurnar hafa ekki verið hraktar. Þykir verða að leggja til grundvallar, með vísan til þessa, að í þrjátíu pakkningum

sem ákærði flutti til landsins umrætt sinn, alls 32.297,53 g af efni, hafi verið dímetýltryptamín, DMT, í 1,8% til 2,1% styrkleika. DMT telst til ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru hér á landi, svo sem meðal annars er rakið í dómi Landsréttar í máli nr. 27/2022.

Ákærði byggir á því að sér hafi verið heimilt að flytja inn umrædd efni til landsins þar sem hann hafi áður flutt efnin inn án athugasemda. Ákærði kvað ætlun sína ekki hafa verið að flytja fíkniefni til landsins. Ákærði byggir enn fremur á því í málinu að efnið sé nauðsynlegt til trúariðkunar. Þá er því haldið fram af hálfu ákærða að það sem sé bannað hér á landi sé 7-hydroxymitragynine en ekki mítragýnín líkt og ákært sé fyrir. Ákærði hefur lagt fram afrit reikninga, dags. 15. 12. 2020 og 3. 3. 2021, sem benda til að hann hafi flutt inn og fengið tollafgreiddar vörur sem skráðar eru sem trjábörkur og plöntuhlutar. Ekki verður fullyrt í þessu máli hvaða efni hefur þar verið um að ræða, en þetta breytir ekki því að í ágúst 2020 flutti ákærði inn þau efni sem í ákæru greinir. Hugsanlegur tollafgreiddur innflutningur hans verður ekki til þess að sá innflutningur teljist hafa verið heimill. Ákærði kveðst hafa haft í hyggju að nota efnið við athafnir sem hann tengir trú sinni, en það gerir ekki innflutning efnanna heimilan til landsins.

Upplýst er með framlögðum matsgerðum Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði að þau efni sem ákærði flutti til landsins innihéldu annars vegar dímetýltryptamín, DMT, og hins vegar mítragýnín, Kratom, sem bönnuð eru hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. Samkvæmt fylgiskjali I með reglugerðinni er efnið 7-hydroxymitragynine bannað en einnig Kratom – *Mitragyna speciosa* og mitragynine.

Ákærði lýsti því hvernig hann hefði staðið að innflutningi þeim sem hann er ákærður fyrir. Hann kvaðst hafa haft í hyggju að stofna trúfélag. Þegar horft er á það magn sem málið varðar verður að telja að ákærði hafi meðal annars ætlað það til dreifingar en ekki eingöngu til eigin notkunar. Ákærði lýsti notkun sinni á efninu og því að það hefði ofskeynjanareiginleika. Lýsti hann miklum og að hans mati jákvæðum áhrifum sem notkun efnisins hefði haft á sig. Í reglugerð 233/2001 sem sett er með stoð í lögum nr. 65/1974 er tekið fram að bæði dimethyltryptamine (DMT), mítragýnín og Kratom séu meðal efna sem bönnuð séu hér á landi.

Þegar á allt framanritað er horft verður að telja að ákærvaldið hafi fært fram lögfulla sönnun fyrir sekt ákærða samkvæmt fyrri ákæru. Er ákærði sannur að sök og er háttsemi hans rétt færð til refsíákvæðis.

Játning ákærða á þeim sakargiftum sem fram koma í síðari ákæru málsins fær stöð í gögnum málsins og ekki þykir ástæða til að draga hana í efa. Telst ákærði sannur að sök samkvæmt ákærunni svo sem henni var breytt og rakið hefur verið, með þeirri heimfærslu sem þar er gerð.

Samkvæmt sakavottorði var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur 9. 11. 2022 til greiðslu 1.290.000 króna sektar og sviptingar ökurétti í fjögur ár og níu mánuði frá 23. 1. 2022 að telja fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, lyfjaakstur, fíkniefnalagabrot ásamt öðrum umferðarlagabrotum.

Brot ákærða samkvæmt ákæru dagsettri 1. 9. 2022 og ákæru dagsettri 4. 7. 2023 voru framin fyrir uppkvaðningu framangreinds dóms 9. 11. 2022 og ber því nú að ákveða refsingu hans sem hegningarauka vegna þeirra brota, er samsvarar þeirri þyngingu refsingarinnar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um öll brotin í sama máli.

Ákærði flutti hingað til lands umtalsvert magn ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru hér á landi. Við úrlausn málsins verður einnig horft til þess að brot ákærða samkvæmt fyrri ákæru voru framin í ágúst 2020 og verður ákærða ekki kennt um þann tíma sem meðferð málsins hefur tekið. Þá verður horft til þess sem fram hefur komið í málinu um hættueiginleika þeirra efna sem ákærði flutti til landsins. Hann var samvinnufús við rannsókn málsins. Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í átján mánuði en ákveðið að fullnustu hennar skuli allri frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. Fallast ber á gerðar upptökukröfur. Vegna þeirra umferðarlagabrota sem ákærði er sakfelldur fyrir ber að svipta hann ökurétti í tvö ár frá 23. október 2026 að telja. Ákærða verður gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, sem með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins og umfangi málsins, ákveðast 2.901.600 krónur með virðisaukaskatti, og þóknun verjanda síns á rannsóknarstigi og í upphafi meðferðar málsins fyrir dómi, Snorra Sturlusonar lögmanns, 496.000 krónur með virðisaukaskatti. Aflað var matsgerða dómkvadds matsmanns. Matsspurningar voru nokkuð almenns eðlis og niðurstöður matsmanns um hættueiginleika efna voru ákærða fremur í hag. Þykja sanngirnirök mæla með því að kostnaður vegna matsgerðanna greiðist úr ríkissjóði. Ákærða verður gert að greiða annan sakarkostnað, sem samkvæmt yfirlitum ákæruvaldsins nemur alls 1.466.534 krónum. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Karl Ingi Vilbergsson saksóknari með málið. Þorsteinn Davíðsson kveður upp dóm þennan

Dómsorð:

Ákærði Mikkael Ingibergur Gunnlaugsson sæti fangelsi í átján mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Upptæk skulu gerð 32.349,51 g efnis sem inniheldur dímetýltryptamín (DMT) í 1,8% til 2,1% styrkleika, 392,17 g af mítragýnín (Kratom), 0,61 g af maríhúana og 17 stykki af Rivotril, sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá 23. október 2026 að telja.

Ákærði greiði 2.901.600 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 496.000 króna þóknun fyrri verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, og 1.466.534 króna annan sakarkostnað.

Þorsteinn Davíðsson